

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 108/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, auk áorðinna breytinga.**

### 1. gr.

#### *Innleiðing.*

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli eftirtalinna ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- a) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1432/2007 um breytingu á I., II. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar merkingar og flutning aukaafurða úr dýrum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2010, frá 1. maí 2010.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 399/2008 frá 5. maí 2008 um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar kröfur varðandi tiltekið, unnið gæludýrafóður. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2010, frá 12. júní 2010. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5, frá 27. janúar 2011, bls. 75.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 437/2008 frá 21. maí 2008 um breytingu á VII., X. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar kröfur um vinnslu á mjólk og mjólkurafurðum sem eru skilgreindar sem efni í 3. flokki. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2010, frá 12. júní 2010. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5, frá 27. janúar 2011, bls. 77.
- d) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 777/2008 frá 4. ágúst 2008 um breytingu á I., V. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2010, frá 12. júní 2010. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5, frá 27. janúar 2011, bls. 84.

### 2. gr.

#### *Fylgiskjal.*

Ofangreind reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1432/2007 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur ekki til aukaafurða dýra er teljast til úrgangs enda gilda þá lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Reglugerð þessi tekur ekki til sjávarspendýra.

### 4. gr.

#### *Eftirlit.*

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerða skv. 1. gr. vegna aukaafurða úr dýrum sé framfylgt í samræmi við lög nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lög nr. 22/1994 um eftirlit með fœðri, áburði og sáðvöru og lög nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

5. gr.

*Þvingunariúrræði og viðurlög.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, lögum nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir eða lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

6. gr.

*Lagastoð.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 13. og 29. gr. a laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og 17. gr. a laga nr. 96/1997, um slátrun og sláturafurðir.

7. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Þó taka efnisákvæði reglugerða framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. er varða aukaafurðir úr landdýrum ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2011.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. mars 2011.*

**Jón Bjarnason.**

---

*Baldur P. Erlingsson.*

**Fylgiskjal.****REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1432/2007**

frá 5. desember 2007

**um breytingu á I., II. og VI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar merkingar og flutning aukaafurða úr dýrum**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 32. gr. og 8. lið I. kafla VI. viðauka,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 er mælt fyrir um sérstakar heilbrigðiskröfur varðandi aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.
- 2) Ákvæði 4., 5. og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 kveða á um að efni í 1., 2. og 3. flokki skuli safnað, það flutt og sanngreint án óþarfa tafar í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Í 7. gr. og II. viðauka er mælt fyrir um kröfur varðandi sanngreiningu, söfnun og flutning á mismunandi flokkum af aukaafurðum úr dýrum og unnum afurðum. Til að bæta eftirlit og rekjanleika skal nota staðlaðan litakóða á umbúðir, gáma og ökutæki fyrir viðskipti með þessar aukaafurðir og unnu afurðir. Litirnir skulu valdir á þann hátt að tryggt sé að þeir séu auðveldlega aðgreinanlegir, einnig fyrir einstaklinga með skerta litsjón.
- 4) Til glöggvunar skal bæta skilgreiningu á „litakóðun“ við sérstakar skilgreiningar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002.
- 5) Aðildarríkin skulu hafa möguleika á að koma á fót kerfum eða mæla fyrir um viðbótarreglur að því er varðar litakóðun á umbúðum, gámum og ökutækjum sem notuð eru við flutninga á mismunandi flokkum aukaafurða úr dýrum og unnum afurðum á yfirráðasvæði þeirra. Slík kerfi eða reglur eiga ekki að valda ruglingi í tengslum við staðlaða litakóðakerfið sem notað er í viðskiptum.
- 6) Aðildarríkin skulu einnig hafa möguleika á að krefjast merkinga á aukaafurðum úr dýrum, sem koma frá eða eru á þeirra yfirráðasvæði, til viðbótar við merkingar á sérstöku áhættuefni sem gerð er krafa um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí

2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar <sup>(2)</sup>. Slíkar merkingar skulu þó ekki skapa hindranir á viðskiptum eða útflutningi til þriðju landa.

- 7) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er mælt fyrir um reglur varðandi fyrirmynd að viðskiptaskjali sem á að fylgja aukaafurðum úr dýrum og unnum afurðum við flutning. Mæla skal fyrir um viðbótarreglur fyrir slík skjöl til að bæta sanngreiningu og rekjanleika aukaafurða úr dýrum.
- 8) Ákvæði 4., 5. og 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 kveða á um að tilteknar unnar aukaafurðir úr dýrum skuli merktar varanlega, með lykt ef því verður tæknilega við komið, í samræmi við I. kafla VI. viðauka þeirrar reglugerðar.
- 9) Í I. kafla VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er kveðið á um að unnar afurðir úr efni í 1. eða 2. flokki, að undanskildum fljótandi afurðum sem eru ætlaðar fyrir lífgas- eða myltingarstöðvar, skuli merktar varanlega, með lykt ef því verður tæknilega við komið, og stuðst skal við kerfi sem lögbært yfirvald hefur samþykkt. Fram til þessa hafa nákvæmar reglur um slíkar merkingar ekki verið settar fram vegna skorts á vísindalegum gögnum um merkingar.
- 10) Hinn 17. október 2006 birti sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar framkvæmdarrannsókn um mat á glýseróltriheptanóati (GTH) sem hentugu efni til merkingar á aukaafurðum úr dýrum í úrvinnslukerfum. Á grundvelli þessarar skýrslu skal mæla fyrir um nákvæmar kröfur varðandi merkingar á unnum aukaafurðum úr dýrum.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 829/2007 (Stjótið. ESB L 191, 21.7.2007, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjótið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1275/2007 (Stjótið. ESB L 284, 30.10.2007, bls. 8).

- 11) Þessar kröfur skulu ekki hafa áhrif á merkingar á unnum afurðum til notkunar í lífrænan áburð eða jarðvegsbæti, til að uppfylla skyldur um að bera þær ekki beint á land sem húsdýr gætu haft aðgang að, í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 181/2006 frá 1. febrúar 2006 um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar lífrænan áburð og jarðvegsbæti, annan en húsdýraáburð og um breytingu á þeirri reglugerð <sup>(1)</sup>.
- 12) Kveða skal á um tilteknar undanþágur frá þeim kröfum að merkja unnar afurðir með glýseróltriheptanóati, einkum er varðar afurðir sem eru fluttar til notkunar eða förgunar með aðferð í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 92/2005 frá 19. janúar 2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar aðferðir við förgun eða notkun á aukaafurðum úr dýrum og um breytingu á VI. viðauka við hana að því er varðar umbreytingu lífgass og vinnslu bræddrar fitu <sup>(2)</sup>.
- 13) Því ber að breyta I., II. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 til samræmis við það.
- 14) Til að aðildarríkin og atvinnugreinin fái tíma til að aðlagast nýju reglunum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skulu þær gilda frá 1. júlí 2008.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum I., II. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2008.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2007.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

1) Stjtið. ESB L 29, 2.2.2006, bls. 31.

2) Stjtið. ESB L 19, 21.1.2005, bls. 27. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1678/2006 (Stjtið. ESB L 314, 15.11.2006, bls. 4).

## VIÐAUKI

Ákvæðum I., II. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er breytt sem hér segir:

## 1) Eftirfarandi liður bætist við I. viðauka:

„65. „litakóðun“: kerfisbundin notkun lita eins og hún er skilgreind í I. kafla II. viðauka til að veita upplýsingar, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð, á yfirborði eða á hluta af yfirborði umbúða, gáms eða ökutækis eða á merkimiða eða á tákni sem sett er á þau.“

## 2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

## a) Í stað I. kafla komi eftirfarandi:

## „I. KAFLI

**Sanngreining**

## 1. Gripa verður til allra nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja:

- a) að sanngreina megi efni í 1., 2. og 3. flokki og þeim sé haldið aðskildum og sanngreinanlegum við söfnun og flutning,
- b) að sanngreina megi unnar afurðir og þeim sé haldið aðskildum og sanngreinanlegum við flutning,
- c) að markefni til að sanngreina aukaafurðir úr dýrum eða unnar afurðir í tilteknum flokki sé einungis notað fyrir þann flokk sem notkunar þess er krafist fyrir samkvæmt þessari reglugerð, eða sem kveðið er á um eða mælt fyrir um í 4. lið og
- d) að aukaafurðir úr dýrum og unnar afurðir séu sendar frá einu aðildarríki til annars í umbúðum, gámum eða ökutækjum, sem eru áberandi merkt og að minnsta kosti á meðan flutningi stendur með óafmáanlegum litakóða, sem hér segir:
  - i. ef um er að ræða efni í 1. flokki, með svörtum lit,
  - ii. ef um er að ræða efni í 2. flokki (annað en húsdýraáburð og innihald meltingarveggar), með gulum lit,
  - iii. ef um er að ræða efni í 3. flokki, með grænum lit sem inniheldur mikinn bláan lit til að tryggja að hann sé skýrt aðgreindur frá öðrum litum.

## 2. Í flutningi skal vera merkimiði sem er festur á umbúðir, gáminn eða ökutækið þar sem:

- a) kemur skýrt fram flokkur aukaafurða úr dýrum eða, ef um er að ræða unnar afurðir, flokkur aukaafurða úr dýrum, sem unnu afurðirnar voru fengnar úr og
- b) standa eftirfarandi orð:
  - i. ef um er að ræða efni í 3. flokki, „Óhæft til manneldis“,
  - ii. ef um er að ræða efni úr 2. flokki (annað en húsdýraáburð og innihald meltingarveggar) og unnar afurðir sem fást úr því, „Óhæft í fôður“; þó skal þess í stað tilgreina á merkimiðanum „Ætlað til fôðurs fyrir ...“ ásamt nafni þeirra(r) dýrategunda(r), sem efnið er ætlað til fôðurs fyrir, þegar efni úr 2. flokki eru ætluð til að fôðra dýr sem tilgreind eru í c-lið 2. mgr. 23. gr.,
  - iii. ef um er að ræða efni í 1. flokki og unnar afurðir sem fást úr því, „Eingöngu til förgunar“,
  - iv. ef um er að ræða húsdýraáburð og innihald meltingarveggar, „Húsdýraáburður“.

3. Aðildarríki mega koma á fót kerfum eða mæla fyrir um reglur varðandi litakóðun á umbúðum, gámum eða ökutækjum sem notuð eru við flutninga á aukaafurðum úr dýrum og unnum afurðum sem eru upprunnin á og verða áfram á þeirra yfirráðasvæði, að því tilskildu að þessi kerfi eða reglur valdi ekki ruglingi í tengslum við litakóðunarkerfið sem kveðið er á um í d-lið 1. liðar.
4. Með fyrirvara um 3. lið V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, mega aðildarríkin koma á fót kerfum eða mæla fyrir um reglur varðandi merkingar á aukaafurðum úr dýrum sem eru upprunnin á og verða áfram á yfirráðasvæði þeirra, að því tilskildu að þessi kerfi eða reglur stríði ekki gegn kröfum um merkingar fyrir unnar afurðir sem mælt er fyrir um í I. kafla VI. viðauka við þessa reglugerð.
5. Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. liðar mega aðildarríkin nota kerfin eða reglurnar sem kveðið er á um í þessum liðum fyrir aukaafurðir úr dýrum, sem eru upprunnar á yfirráðasvæði þeirra en er ekki ætlað að vera þar áfram, ef aðildarríkið eða þriðja landið sem er ákvörðunarstaður hefur veitt samþykki sitt.“

b) Í stað 1. liðar X. viðauka komi eftirfarandi:

„1. Viðskiptaskjal sem er í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í þessum kafla skal fylgja aukaafurðum úr dýrum og unnum afurðum við flutning. Þó getur aðildarríki krafist eftirfarandi vegna flutninga á aukaafurðum úr dýrum og unnum afurðum á eigin yfirráðasvæði:

- a) að notuð séu mismunandi viðskiptaskjöl, á pappír eða á rafrænu formi, að því tilskildu að slík viðskiptaskjöl uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. lið III. kafla,
- b) að magn efnis sem um getur í c-lið 2. liðar III. kafla sé sett fram sem þyngd efnisins í viðskiptaskjalinu,
- c) að móttakandi skili afriti af viðskiptaskjölunum til framleiðanda og að framleiðandi haldi því til haga í samræmi við V. kafla sem sönnun þess að sendingin hafi komið.“

3) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

**„SÉRTÆKAR KRÖFUR ER VARÐA VINNSLU EFNIS Í 1. OG 2. FLOKKI, LÍFGAS- OG MYLTINGARSTÖÐVAR OG MERKINGAR Á TILTEKNUM, UNNUM AFURÐUM“**

b) Ákvæðum I. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

**„Sértækar kröfur er varða vinnslu efnis í 1. og 2. flokki og merkingar á tilteknum, unnum afurðum“**

ii. Eftirfarandi liðir bætast við C-lið:

„10. Í vinnslustöðvum sem hafa verið samþykktar í samræmi við 13. gr., skulu unnar afurðir, eins og um getur í b- og c-lið 2. mgr. 4. gr. og b- og c-lið 2. mgr. 5. gr., merktar varanlega með:

- a) lykt, ef því verður tæknilega við komið, og
- b) glýseróltriheptanóati á þann hátt að:
  - i. glýseróltriheptanóati er bætt við unnar afurðir sem hafa verið sótthreinsaðar með hitameðhöndlun með kjarnhita sem er a.m.k. 80°C og eru eftir það verndaðar gegn því að mengast aftur,
  - ii. allar unnar afurðir innihalda glýseróltriheptanóat, sem er einsleitt í öllu efninu, í styrkleika sem er að lágmarki 250 mg á hvert kílógramm fitu.

11. Rekstraraðilar vinnslustöðva sem eru samþykktar í samræmi við 13. gr. skulu koma á kerfi með stöðugri vöktun og skráningu á viðeigandi mælipáttum til að sýna lögbæru yfirvaldi fram á að einsleitum lágmarksstyrkleika glýseróltriheptanóatis sem krafist er, eins og um getur í b-lið 10. liðar, sé náð í unnu afurðunum sem um getur í 10. lið.

Liður í vöktunar- og skráningarkerfinu skal m.a. vera ákvörðun á óskertu innihaldi glýseróltriheptanóatis sem þríglýseríð í glýseróltriheptanóatútdrætti sem hefur verið dreginn út með hreinsuðum jarðolíueter 40-70 úr sýnum sem hafa verið tekin með jöfnu millibili.

12. Lögbært yfirvald skal framkvæma frammistöðumat á vöktunar- og skráningarkerfinu sem um getur í 11. lið til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og er heimilt, ef nauðsyn krefur, að fara fram á prófanir á viðbótarsýnum í samræmi við aðferðina sem um getur í annarri málsgrein 11. liðar.

13. Ekki skal gerð krafa um merkingar með glýseróltriheptanóati fyrir unnar afurðir sem um getur í b- og c-lið 2. mgr. 4. gr. og b- og c-lið 2. mgr. 5. gr. ef slíkar afurðir eru:

- a) fluttar á lokuðu færifandi, þar sem lögbært yfirvald hefur heimilað slík kerfi, frá vinnslustöðinni til:
- i. beinnar og tafarlausrar brennslu- eða sambrennslu eða
  - ii. tafarlausrar notkunar í samræmi við aðferð sem er viðurkennd fyrir aukaafurðir úr dýrum í 1. og 2. flokki í samræmi við 1. og 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 92/2005 eða
- b) ætlaðar til rannsókna eða til vísindalegrar notkunar sem lögbært yfirvald hefur heimilað.“

---

B-deild – Útgáfud.: 17. mars 2011